

**Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans  
Vinagarðs starfsárið 2017-2018**



**VINA  
GARÐUR**

Foreldrafélag Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var stofnað í febrúar 2001. Var félagið þá rekið á kennitölu leikskólans. Þann 14. mars 2016 var haldinn formlegur stofnfundur og í kjölfarið var félagið stofnað með eigin kennitölu.

Tilgangur félagsins er að sameina foreldra barna á Vinagarði leikskóla KFUM og KFUK og standa vörð um velferð barna á leikskólanum. Tilgangi sínum nær félagið með því að standa fyrir viðburðum fyrir börn á leikskólanum og fjölskyldur þeirra, fylgjast með starfi leikskólans og vinna náið með leikskólastjóra.

Allir foreldrar barna á leikskólanum geta verið félagar í félaginu. Félagsmenn greiða árgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi. Þeir félagsmenn sem ekki geta, aðstæðna sinna vegna, greitt árgjald halda þó félagsréttindum sínum. Félagsgjald fyrir veturinn 2017-2018 var ákveðið 5.000 kr fyrir eitt barn og 7.500 kr fyrir tvö eða fleiri börn. Greiddar kröfur voru 70 en 9 greiddu ekki. Ógreiddar kröfur voru felldar niður sjálfkrafa.

Eftirtaldir sátu í stjórn foreldrafélagsins veturinn 2017-2018

Kristín Helga Waage Knútsdóttir, formaður  
Berglind Ósk Þorsteinsdóttir, varaformaður  
Sigríður Sigurðardóttir, ritari  
Guðmundur Karl Einarsson, gjaldkeri  
Anna Elísa Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Alda Jónsdóttir, varamaður  
Auður Hrefna Guðmundsdóttir, varamaður  
Berglind Ingvarsdóttir, varamaður  
Eva Harðardóttir, varamaður  
Guðríður Svana Óskarsdóttir, varamaður  
Jessica Leigh Andrésdóttir, varamaður  
Oddný Anna Kjartansdóttir, varamaður  
Ragnar Björgvinsson, varamaður  
Selma Sif Ísfeld Óskarsdóttir, varamaður

Auk stjórnarinnar tekur María Sighvatsdóttir, leikskólastjóri, þátt í skipulagningu starfsins og situr fundi.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir yfir veturinn, einn að hausti fyrir starf haustannar og annar að vetri fyrir starf vorannar. Helstu verkefni foreldrafélagsins síðastliðið leikskólaár fólust í skipulagningu og utanumhaldi á eftirtöldum viðburðum:

### **Haustferð í Vatnaskóg**

Foreldrafélagið hefur um árabil staðið straum af rútuferðum upp í Vatnaskóg vegna haustferðar barnanna og starfsárið 2017-2018 varð engin breyting þar á. Haustferðin var farin föstudaginn 20. október 2017.

### **Innpökkun jólagjafa og jólaglög**

Foreldrar og starfsfólks aðstoðuðu jólasveinana í lok nóvember við að pakka inn jólagjöfum til barnanna fyrir jólaball leikskólans. Foreldrafélagið afhenti einnig starfsfólki jólagjafir og allir áttu huggulega kvöldstund saman.

## **Jólaball**

Árlegt jólaball Vinagarðs var haldið laugardaginn 9. desember kl 10:30-12:30 í samkomusal KFUM og KFUK við Holtaveg. Sú fallega hefð hefur skapast að jólaskemmtunin hefist með helgileik barna á Uglugarði og stóðu börnin sig með þryði. Dansað var í kringum jólatré, jólasveinar heimsóttu skemmtunina og öll börn fóru heim með jólagjöf í boði foreldrafélagsins. Jóla- og sælkerabasarinn, sem er ein helsta fjármögnunarleið foreldrafélagsins var á sínum stað ásamt því að fallega myndskreyttu tækifæris- og jólakortin eftir börnin voru til sölu.

## **Fræðslukvöld foreldrafélagsins**

Árlegt fræðslukvöld foreldrafélagsins var haldið 15. mars kl. 20 á Uglugarði. Sálfræðingarnir Hafdís Einaradóttir og Magnús Friðrik Ólafsson fjölluðu um uppeldi og hegðun leikskólabarna. Starfsfólk Vinagarðs fékk afhent gjafabréf upp á einn frídag á launum í boði foreldra.

## **Deildarmyndatökur**

Foreldrafélagið stóð fyrir hópmyndatöku deilda. Myndatökur fóru fram í nóvember 2017. Myndirnar voru teknar af Guðmundi Karli Einarssyni. 67 fjölskyldur pöntuðu 82 myndir. Kostnaður var lítill og skilaði þessi fjáröflun 150.000 kr til foreldrafélagsins.

## **Skautuferð**

Skipulagsdagur var í leikskólanum 2. mars og af því tilefni stóð foreldrafélagið fyrir skautuferð í Skautahöllina í laugardal fyrir foreldra og börn.

## **Vorhátíð Vinagarðs.**

Laugardaginn 5. maí kl. 11:00-13:00 var hin árlega vorhátíð Vinagarðs haldin með glæsibrag. Verk og gersemar barnanna voru til sýnis inni á deildum og gafst foreldrum, ömmum og öfum ásamt öðrum velunnurum tækifæri á að fræðast um leik og starf barnanna á leikskólanum. Gleðin var við völd og boðið var upp á grillaðar pylsur og safa. Foreldrafélagið sá fyrir sælkerabasar.

## **Leiksýning Leikhópsins Lottu**

Foreldrafélagið fékk hópafslátt á sýningu Leikhópsins Lottu á Gosa. Margar fjölskyldur nýtt sér tilboðið og mættu saman á sýninguna um miðjan júní.

## **Frídagur starfsfólks á launum**

Sú skemmtilega hefð hefur skapast í leikskólanum að hver starfsmaður fær frídag á launum á vorin í boði foreldra. Foreldrar barna koma og vinna í leikskólanum á frídögum við mikinn fögnuð barnanna. Í boði hefur verið að vinna hluta úr degi eða heilan dag. Vel var tekið í frídagana af hálfu foreldra vorið 2018 og því gekk vel að manna dagana.

## **Nýtt leiktæki á lóð leikskólans**

Stjórn leikskólans óskaði eftir því að foreldrafélagið gæfi leikskólanum nýtt leiktæki á lóð leikskólans. Stjórn foreldrafélagsins ákvað að gefa leikskólanum 300.000 kr fyrir nýju leiktæki. Vegna framkvæmda á leikskólanum hefur tækið ekki verið keypt en málið er í höndum leikskólastjóra.

Að lokum þakkar stjórn foreldrafélagsins kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg síðastliðið leikskólaár í starfi foreldrafélagsins í þágu Vinagarðs.